
Frönsk myndlist

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Félagið Myndkynning er komið á kreik aftur eftir tveggja ára sýningahlé og að þessu sinni öflugra en nokkru sinni fyrr. Tel ég að flestir munu því sammála er til þekkja, að sýningin frönsk myndlist, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum sé merkasta framtak Myndkynningar til þessa. Fer hér saman fjölbreytt úrval grafíkmynda og fleiri heimsþekkt nöfn á myndlistarsviði en nokkru sinni fyrr. Öll fagvinna er sem áður í hæsta gæðaflokki og á stundum jafnvel í lygilega háum gæðaflokki enda eru hér færustu fagmenn virkjaðir til samstarfs við listamennina sjálfa.

Þegar litið er á vinnubrögðin, frægð listamannanna og eintakafjölda mynda er ljóst að margur gerir hér góð kaup. Gæta skal þess, að myndirnar tvístrast um allar jarðir því að svo fullkomið er dreifikerfið sem hér er að baki.



En það sem máli skiptir er hve heilleg þessi sýning öll er og í háum gæðaflokki, sem hlýtur að orka hvetjandi á iðkendur myndlistar hérlendis. Við sjáum hér í senn sígild vinnubrögð meistara á borð við Picasso, Miro, Matisse, Giacometti, Braque, Bazaine, Vasarely, Alechinsky, Corneille, Chagall, Hartung, Manessier, Herbin o.fl. til nútímalegri vinnubragða listamanna svo sem Ipousteguy, Monory, Dupre o.fl. — Eru tæknibrögð hins síðastnefnda með ólíkindum þar sem hann vinnur á silfurlitan flöt.

Hvort sem fólk kann að meðtaka það eða ekki þá er listamaðurinn Monory einn þeirra er mestrar hylli njóta í Parísarborg um þessar mundir og sýnir m.a. reglulega í hinum þekkta sýningarsal; Galerie Maegh. Á sýningunni eru sérstaklega eftirtektarverð verk eftir þá Picasso, Chagall og Miro og menn taki eftir því hve gjörólíkir þessir listamenn eru og sterkir persónuleikar um leið. — Allir voru þeir frábærir teiknarar og meistruðu til hlítar frumgreinar myndlistarinnar og höfðu gífurleg áhrif á skreytilist hvers konar og listiðnað. Með frumgreinum myndlistar er átt við málun, höggmyndalist og teikningu.

— Það er mjög fróðlegt að fylgjast með glímu ýmissa listamanna við að virkja upphleypta áferð í byggingu myndheilda í þágu þess, sem á fagmáli nefnist heildarstrúktúr. Hér geta íslenzkir margt lært og þá um leið í útfærslu agaðra en um leið hömlulausra myndheilda, — eins konar reglu í frjálslegri, umbúðalausri mótun.



Upphenging myndanna hefur tekist mjög vel, er skýr, ákveðin og hnökralaus þannig að fram kemur sterkur heildarsvipur. Sýningarskráin hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um stóran hluta listamannanna en þar koma fram alltof margar stafsetningarvillur í lesmálinu.

Um leið og framtakið er þakkað þykir mér rétt að koma á framfæri þeirri ósk, að um árvisst framhald verði að ræða og í fjölbreytilegri mynd.

Þægileg „Moody Blues“-plata

Hljóm-plötur

Finnbogi Marinósson

Long Distance Voyager.
The Moody Blues.

EMI
TMB: Justin Hayward: gítar, söngur.
John Lodge: bassi, söngur.
Ray Thomas: flauta, munnharpa og söngur.
Graeme Edge: trommur.
Patrick Moraz: hljómborð.

Þetta er fyrsta plata TMB eftir þriggja ára hlé. Hljómsveitin hefur verið nær óbreytt frá stofnun (1964), nema hvað á þessari plötu er Patrick Moraz (áður í Yes) í stað Mike Pinder.

Hljómsveitin var stofnuð í Birmingham 1964. Önnur litla plata þeirra „Go On“ hafnaði í 1. sæti þess ameríska. Þar með voru þeir komnir af stað.

Það sem hefur einkennt tónlist TMB í gegnum árin, er notkun strengja á plötum þeirra, rétt eins og ELO, en ekki eins ráðandi. Long Distance Voyager er engin undantekning. Á henni eru



10 lög sem öll eru dæmigerð fyrir Moody Blues, róleg og þægileg, full af fallegum melódíum. Hljóðfæraleikurinn er góður og oft gott betri. Söngurinn er látlaus og fellur vel að fallegum lögum plötunnar. Tvö lög eru þó best, „The Voice“, sem er hratt og grípandi, og „22000 Days“, sem er rólegt lag og magnað upp með kórsöng, þrumugott.

Í heildina er hér þægileg, melódísk plata sem lítið skilur eftir. Gallinn er, hvað þeir sneiða stundum nærri ELO. Það er ef til vill í lagi en dregur hana þó niður. Þetta er ekki besta plata TMB, en ekki sú versta.

FM/AM

SVARIÐ við orkukreppu og verðbólgu



COLT

MITSUBISHI MOTORS

COLT er framhjóladrifinn.
COLT er sparneytinn (eyðsla 7 l./100 km.).
COLT er rúmgóður.
COLT er fáanlegur 3 og 5 dyra.

SÁ BESTI FRÁ JAPAN

Komið, skoðið og reynsluakið COLT 1982 frá MITSUBISHI.
Varahluta og viðgerðarþjónusta Heklu hf. er landskunn.



MITSUBISHI
ÖRYGGI ÞÆGINDI GÆÐI

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 21240

PRISMA